

og yfirdóminum, Páls málaflutningsmanns Melsteðs,
greiðist úr opinberum sjóði.

Mánudaginn 19. júlímán.

Nr. 20/1880.

Margrjet Ingjaldsdóttir.

gegn

Jóhannesi Guðmundssyni.

D ó m u r :

Mál þetta er risið út af skuldabryfi, sem Sigurjón bóndi Jónsson á Einarstöðum í Reykjadal gaf út 29. maí 1866 til Jóhannesar bónda Guðmundssonar á Skógarseli fyrir 800 kr. láni með 3% árlegum vöxtum og veði í 8 hndr. í Einarstöðum, og er veðskuldabryfi þetta fyrirfram innritað til þinglesturs 27. marz 1878. Um vorið 1870 brá Jóhannes Guðmundsson búi, og fluttist með konu sinni og öllum eigum sínum að Einarstöðum til Sigurjóns í því skyni, að verða próventumaður hjá honum, en næsta ár fluttist hann þaðan aptur og að Skógarseli með allt sitt. Veturinn 1872 andaðist Guðrún Stefánsdóttir, kona Jóhannesar, og var þá bú þeirra hjóna tekið til skipta af hlutaðeigandi skiptaráðanda. Þegar búið var skrifað upp, var áður nefnd skuld Sigurjóns til Jóhannesar að eins talin 200 kr., og hafa uppskriptarmennirnir og annar uppskriptarvotturinn borið, að orsökkin til þess hafi verið sú, að Sigurjón hafi verið viðstaddur við uppskriptargjörðina, og hafi þá samizt svo með þeim Jóhannesi og honum, að helmingur hinnar upprunalegu skuldar, eða 400 kr., skyldi falla niður vegna þess, að ekkert hefði orðið úr próventusamningnum, en þar á ofan kom Sigurjón fram með skuldakröfu á hendur Jóhannesi, að upphæð 200 kr., sem Jóhannes játaði rjetta að vera; uppskriptarmennirnir ljetu því þessar 600 kr.

ganga upp í veðskuld Sigurjóns til búans og töldu hana að eins 200 kr., en á sjálft skuldabréfið var ekkert skrifað um þennan skuldajöfnuð. Þess ber enn fremur að geta, að nokkru eptir að uppskriftin hafði farið fram, skrifaði Jóhannes skiptaráðanda brjef og tilkynnti honum, að nokkrar af kindum þeim, sem uppskrifaðar höfðu verið, hefðu seinna farizt, og að Sigurjón á Einarstöðum hefði gjört 200 kr. gagnkröfu í búíð, sem bæri að taka til greina, og samkvæmt þessu var Sigurjóni við skiptin lagt út upp í skuld þessa þær 200 kr., er í uppskriftinni stóð að búíð ætti hjá honum.

Sumarið 1873 andaðist Sigurjón, og tókst þá Jón alþingismaður Sigurðsson á Gautlöndum á hendur fjártilsjón með ekkju hans, Margrjetu Íngjaldsdóttur, og borgaði þá Jóhannesi í júnímánuði 1875 sumpart í peningum og ávísun, sumpart með skuldajöfnuði það, sem hann eptir þeim upplýsingum, sem þá voru fyrir hendi, áleit að Jóhannes ætti hjá búinu, nefnil:

1. helming skuldarinnar frá 1866	kr. 400,00
2. rentur af þeirri upphæð frá 1872 4% í 3 ár	48,00
3. reikningsskuld	24,04
	—
	472,04

Þó að ekkjan og lögráðamaður hennar ætluðust til, að skuldaviðskiptum búans við Jóhannes Guðmundsson nú væri lokið, fengu þau ekki skuldabréfið frá 29. maí 1866 í hendur með áritaðri kvittun, og það virðist svo, sem þau ekki hafi annast um, að upphæð sú, sem borguð var vorið 1875 uppí skuldina, væri rituð á skuldabréfið, en Jóhannes ritaði þó á það, að sjer væri borgað upp í höfuðstól þess kr. 334,92, sem var sú upphæð, er honum hafði verið greidd í peningum og ávísun við áminnzt tækifæri, og 26. marz 1878 seldi hann verzlunarmanni Valdimar Davíðssyni á Húsavík skuldabréfið, sem krafði ekkjuna um þær kr.

465,08, sem eptir stæðu samkvæmt skuldabryfinu með vöxtum frá 29. maí 1873, eins og Jóhannes hafði selt honum kröfuna, og seinna kallaði hann ekkjuna fyrir sáttanefnd útaf nefndri upphæð.

Þegar hjer var komið, höfðaði Margrjet Ingjaldsdóttir mál gegn Jóhannesi Guðmundssyni til að fá hann skyldaðan til að apturkalla eða ónýta söluna á skuldabryfinu, sem og til að greiða henni aptur þær 200 kr., sem hann hefði fengið um of upp í skulda-viðskipti hans við bú Sigurjóns Jónssonar, en með dómi, sem kveðinn var upp í því máli fyrir aukarjetti Þingeyjarsýslu 12. maí f. á., var Jóhannes dæmdur sýkn af kærum og kröfum Margrjetar Ingjaldsdóttur í málinu, og málskostnaður látinn falla niður. Þessum dómi hefur Margrjet, að fenginni gjafsókn, áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 2. septbr. s. á., og hefur hún krafizt hjer fyrir rjettinum, að Jóhannes Guðmundsson verði skyldaður til:

1. annaðhvort að afhenda henni með tilhlýðilegum kvittunum skuldabryf það, sem Jóhannes 26. mars 1878 seldi Valdimar Davíðssyni á Húsavík, eða til að greiða henni alla þá upphæð, sem hún er þegar krafín um, eða kann að verða krafín um eptir tjeðu skuldabryfi;
2. að greiða henni 224 kr., sem honum hafi verið greiddar um of upp í eptirstöðvar af skuld hans hjá bú ekkjunnar;
3. að borga skaðlaust allan af málinu leiðandi kostnað fyrir undir- og yfirdómi, eða með einhverju nægilegu eptir rjettarins mati.

Hinn stefndi hefur aptur á móti krafizt, að hjer-aðsdómurinn í máli þessu verði staðfestur, en að áfrýjandinn verði skyldaður til að greiða allan af máli þessu fyrir yfirdóminum leiðandi kostnað.

Eins og að framan er á vikið, er það sannað með upplýsingum þeim, sem fram eru komnar undir máli þessu, og með framburði málspartanna, að hinn stefndi hafi árið 1866 lánað Sigurjóni Jónssyni á Einarssstöðum, manni áfrýjandans, 800 kr., og að áfrýjandinn hafi eptir fráfall manns síns, árið 1875 greitt 400 kr. upp í höfuðstól þessarar skuldar ásamt rentum af síðarnefndri upphæð frá fardögum 1872 til borgunardags, þótt á skuldabryfinu standi, að af því sje borgað 334 kr. 92 a. Það sem málspartana aptur greinir á um er það, hvort nokkuð hafi áður (fyrir 1875) verið greitt upp í skuldina eða gefið eptir af henni, því að áfrýjandinn heldur því fram, að hinn stefndi hafi vorið 1872, við uppskriptargjörð á búi hans eptir fráfall konu hans, samþykkt í votta viðurvist, að 400 kr. af hinni upprunalegu upphæð skuldarinnar skyldu falla niður sökum þess, að hann hefði rofið próventusamning við Sigurjón, og að hann sömuleiðis við áminnt tækifæri hafi kannast við, að skuldakrafa, að upphæð 200 kr., sem Sigurjón kom fram með gegn honum, væri rjett, og ætti því að koma upp í skuld Sigurjóns til hans; þannig hafi skuld áfrýjandans til hins stefnda verið komin niður í 200 kr., áður en maður hennar dó, og sje því eigi að eins öll borguð, heldur um fram 200 kr., og rentur af þeirri upphæð í 3 ár, eða samtals 224 kr., sem hún krefst að fá endurgoldnar. Hinn stefndi vill aptur á móti ekki kannast við, að hann nokkurntíma hafi gefið neitt eptir af skuld sinni, heldur hafi það, sem þeim Sigurjóni fór á milli við fyrnefnda uppskriptargjörð á búi hins stefnda að eins verið gjört til þess að draga opt nefnda skuldakröfu undan, svo að hún kæmi ekki til greina við skiptin á búi hins stefnda milli hans og erfingja konu hans, og til þess að fá Sigurjón til þess að vera sjer hjálp-

legur við þennan undandrätt, hafi hann lofað að gefa honum helming skuldariinnar eða 400 kr. eptir sinn dag; en hvað snertir þá 200 kr. kröfu, sem Sigurjón kom fram með, þá hafi hún að eins verið önnur hliðin á skuldaviðskiptum sínum við Sigurjón, þar sem hann, auk veðskuldariinnar, hafi átt meira en svaraði þessum 200 kr. hjá Sigurjóni út af ýmsum viðskiptum þeirra. Sjerstaklega hefur hinn stefndi lagt áherzlu á, að hann aldrei hafi gjört neinn skuldbindandi próventusamning við Sigurjón, og því hafi sjer aldrei borið nein skylda til að borga skaðabætur fyrir rof á slíkum samningi.

Að því er fyrst snertir þann framburð áfrýjandans, að 400 kr. af hinni upprunalegu skuld manns hennar til hins stefnda hafi fallið niður eptir samkomulagi þeirra á milli vorið 1872, þá hefur áfrýjandinn lagt fram skrifleg vottorð frá 3 mönnum, nefnilega báðum þeim mönnum, sem skrifuðu upp og virtu bú hins stefnda eptir fráfall konu hans, og öðrum vottinum við uppskriptargjörðina, um, að Sigurjón á Einarsstöðum hafi verið þar við staddur, hafi þeir þá rætt um skuldaskipti sín, og hafi þá orðið sú niðurstaðan hjá þeim, að hinn stefndi ætti að eins 200 kr. hjá Sigurjóni, og hafi þeir báðir verið vel ánægðir með þau málalok. Tveir af þessum mönnum, nefnilega annar virðingarmaðurinn og uppskriptarvotturinn, hafa þar að auki skýrt ýtarlegar frá þessum samningum þeirra Sigurjóns og hins stefnda á þá leið, að þeir hafi orðið ásáttir um, að 400 kr. af veðskuld Sigurjóns skyldu falla niður sem bætur fyrir það, að hinn stefndi rauf próventusamninginn við hann, en 200 kr. skyldu ganga upp á móti skuldakröfu, sem Sigurjón hafði upp á hinn stefnda, og sem hinn stefndi kannaðist við að rjett væri. Þessir tveir síðarnefndu vottar hafa staðfest skýrslu sína með eidi fyrir rjettinum, en hinn þriðji var dáinn,

áður en skýrsla hans var fengin fyrir rjetti. Yfirdómurinn verður nú að álita, að með þessum eidfestu skýrslum tveggja vitna sje fram komin lögleg sönnun fyrir, að hinn stefndi hafi vorið 1872 gefið Sigurjóni upp 400 kr. af veðskuld hans, og yfirdómurinn fær ekki sjeð, að hinum stefnda hafi tekizt að veikja þessa sönnun, því sá framburður hans, að þessi samningur hans við Sigurjón við uppskriptargjörðina hafi að eins verið gjörður til að draga skuldina undan skiptunum á búi hans og svíkja samerfingja hans, hefur ekkert við að styðjast, og það getur heldur ekki komið til greina, hvernig próventusamningi hans við Sigurjón hefur verið háttað, og hvort hann hafi verið lagalega skuldbundinn til að greiða skaðabætur fyrir að rjúfa hann, úr því hann góðviljuglega hefur samþykkt að gefa Sigurjóni upp 400 kr. af skuld hans, sem þóknun fyrir, að próventusamningurinn fírst fyrir. Þar sem hinn stefndi loks hefur skýrt svo frá, að hann að eins hafi undirgengið að gefa Sigurjóni optnefndar 400 kr. eptir sinn dag, og hefur lagt fram vottorð eins manns um, að hann veturinn 1871—72 hafi heyrt á samræður Sigurjóns og hins stefnda um skuldaskipti þeirra, og að hinn stefndi hafi þá verið ófáanlegur til að gefa nefnda upphæð eptir fyr en eptir sinn dag, þá eiga þessar samræður að hafa farið fram nokkrum tíma á undan uppskriptargjörðinni á búi hins stefnda, og getur þetta vottorð því alls eigi veikt sönnun þá, sem fram er komin um samninga þeirra Sigurjóns og hins stefnda við uppskriptargjörðina.

Þegar þarnæst kemur til álita, hvort 200 kr. af optnefndri veðskuld hafi enn fremur verið kvittaðar með skuldajöfnuði fyrir lát Sigurjóns á Einarstöðum, þá er það sannað með áður nefndum eidfestum skýrslum tveggja vitna, að Sigurjón hafi við uppskriptargjörðina

á búi hins stefnda vorið 1872 lagt fram skuldakröfu á hendur honum að upphæð 200 kr., og að hinn stefndi hafi kannazt við hana og samþykkt, að hún kæmi upp í veðskuld Sigurjóns til hans, sömuleiðis er komið fram brjef frá hinum stefnda til skiptaráðandans í búi hans, þar sem hann skýrir skiptaráðanda frá, að Sigurjón hafi gjört 200 kr. gagnkröfu í búið, sem beri að taka til greina, og loks ber eptirrit, sem hinn stefndi hefur sjálfur lagt fram, af skiptum þeim, er fram fóru á búi hans árið 1872, með sjer, að þessi krafa hefur verið tekin til greina við skiptin þannig, að Sigurjón ætti að taka hana undir sjálfum sjer upp í veðskuld sína til hins stefnda. Hinn stefndi hefur hinsvegar haldið því fram, að þessi 200 kr. krafa Sigurjóns hafi einasta verið önnur hliðin af reikningsviðskiptum hans við sig, og því til sönnunar hefur hann lagt fram reikning, sem á að vera saminn af Sigurjóni, en í þeim reikningi eru annarsvegar taldir margir samskonar skuldapóstar og þeir, sem reikningur sá hefur að innihalda, er Sigurjón lagði fram við skiptin á búi hins stefnda árið 1872, en hinsvegar eru Sigurjóni taldar til skuldar ýmsar upphæðir, svo að hann eptir þessum reikningi hefði átt að skulda hinum stefnda 24 kr. 4 aura, í stað þess að eiga hjá honum 200 kr. En þar sem engin sönnun er fram komin gegn neitun áfrýjandans fyrir því, að þessi reikningur, sem hinn stefndi hefur fram lagt, og sem er óundirskrifður og ódagsettur, sje saminn af Sigurjóni, nje að þeir skuldapóstar, sem þar eru taldir, sjeu hinir sömu og þeir, sem taldir eru í reikningi Sigurjóns frá 1872, og hinn stefndi ekki hefur leitt nein önnur rök að framburði sínum, en hann hinsvegar hefur áður skilyrðislaust kannazt við, að hann skuldaði Sigurjóni þessar 200 krónur, þá hlýtur yfirdómurinn að komast að þeirri niðurstöðu, að 200 kr. af veðskuld

Sigurjóns til hins stefnda hafi verið kvittaðar með skuldajöfnuði við skiptin á búi hans árið 1872.

Yfirdómurinn verður þannig að álita sannað undir máli þessu, að af veðskuld Sigurjóns til hins stefnda samkvæmt skuldabryfi 29. maí 1866, sem upprunalega var að upphæð 800 kr., hafi árið 1872 verið gefið eptir af hinum stefnda 400 kr., og sama ár hafi með skuldjöfnuði verið kvittaðar upp í skuldina 200 kr., og að skuldin þannig við lát Sigurjóns hafi aðeins verið orðin 200 kr. Með því að það enn fremur er ómótmælt, að áfrýjandinn hafi árið 1875 borgað upp í þessa 400 kr., af því henni þá ekki var kunnugt um, hve mikið eptir stóð óborgað af skuldinni, þá er veðskuld sú, sem mál þetta er risið af, ekki aðeins öll borguð, heldur hefur verið greitt upp í hana 200 kr. meira, en hún nam, og hefur áfrýjandinn því lögmeætt tilkall til, að hinn stefndi skili henni skuldabryfinu með áritaðri kvittun um, að upphæð sú, sem það hljóðar um, sje borguð, eður til 465 kr. 8 a. með 3% vöxtum frá 29. maí 1873 og þangað til borgað er, sem og til að fá endurgoldnar þær 200 kr., sem hún af ókunnugleik hefur borgað um of upp í skuldina. Hinsvegar virðist hinn stefndi ekki verða dæmdur til að greiða aptur þær 24 kr., sem áfrýjandinn telur sig hafa greitt um of í vexti, með því sú endurgjaldskrafa ekki er nefnd í sáttakærinni, og engin sönnun er fyrir því, að hún hafi komið til greina við sátttaumleitunina.

Samkvæmt öllu því, sem að framan er sagt, ber að dæma hinn stefnda til að skila áfrýjandanum skuldabryfi því, sem mál þetta er risið af, með áritaðri kvittun um, að upphæð þess sje borguð, eða þá til að greiða áfrýjandanum 465 kr. 8 a. með 3% vöxtum frá 29. maí 1873 og þangað til borgað er, og í annan stað til að greiða áfrýjandanum 200 kr., en að því

snertir þær 24 kr., sem áfrýjandinn hefur heimtað endurgoldnar sem ofgreidda vexti, þá ber að vísa málinu frá undirrjettinum. Málskostnaður fyrir báðum rjettum virðist eptir málavöxtum eiga að falla niður, og málsfærslulaun til hins skipaða talsmanns áfrýjandans fyrir yfirdóminum, sem ákveðast 30 kr., að greiðast úr opinberum sjóði.

Að því leyti sem mál þetta hefur verið gjafsóknarmál hefur flutningur þess verið lögmatúr.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum stefnda Jóhannesi Guðmundssyni ber að skila áfrýjandanum, Margrjetu Ingjaldsdóttur, skuldabryti, útgefnu 29. maí 1866 af Sigurjóni Jónssyni á Einarsstöðum, hljóðandi upprunalega upp á 400 rd. eða 800 kr., með áritaðri lögmatrí kvittun um, að upphæð sú, sem það hljóðar um, sje borguð, eða greiða henni 465 kr. 8 a. með 3% vöxtum frá 29. maí 1873 til þess borgað er. Svo ber hinum stefnda og að borga áfrýjandanum 200 kr. Að öðru leyti vísast málinu frá undirrjettinum. Málskostnaður fyrir báðum rjettum falli niður, og hinum skipaða talsmanni áfrýjandans fyrir yfirdóminum, Páli málaflutningsmanni Melsteð, greiðist í málsfærslulaun 30 kr. úr opinberum sjóði.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 18/1880

Dr. Grímur Thomsen sem
varaforséti Þjóðvinafjelagsins
gegn

Jóni landshöfðingjaritara Jónssyni.